

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald fyrir vistun gæludýra í Hrísey sem ákveðin hefur verið og tilkynnt eigendum gæludýra í samræmi við eldri reglur fyrir gildistöku reglugerðar nr. 431/2003 um innflutning gæludýra og hundasæðis og gjald fyrir vistun sem ákveðin verður samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í 37. gr. reglugerðar nr. 431/2003 skal greitt samkvæmt gjaldskrá nr. 763/2002 fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 444/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á kartöflum, í 2. gr. reglugerðarinnar:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>		kg	%	kr./kg
0701.9000	Kartöflur, aðrar	ótilgr.	0	60

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.